

Skólaárið 2020-2021

Helstu viðburðir og ákvarðanir

Hér á eftir fer fram útlístaun á helstu verkefnum foreldrafélagsins veturinn 2020-21. Fundahald var lítið sem ekkert sökum sóttvarna vegna Covid-19 og ákvarðanir því teknar á lokaðri Facebook-síðu hópsins.

September

Ákveðið er að aðalfundur verði ekki haldinn vegna takmarkanna vegna Covid-19. Sú ákvörðun er tekin í samráði við stjórnendur leikskólans. Stjórnin situr áfram þar sem enginn hefur sóst eftir því að koma í stjórnina.

Nóvember

Jólaskrautssmiðja: Ákvörðun tekin um að formlegt jólaföndur með foreldrum fari ekki fram þetta árið sökum takmarkanna vegna Covid. Leikskólinn mun þess í stað sjá um jólaföndrið og mun afurðin skreyta jólatréð í salnum. Foreldrafélagið skaffar smákökur og mandarínur en leikskólinn kakóið.

Félagið sendir glaðning á kaffistofu starfsfólks leikskólans í byrjun aðventunnar, körfu með alls kyns jólagóðgæti.

Desember

Jólagjafir: Tekin ákvörðun um að jólasveinar gefi bækur í ár líkt og í fyrra. Félagið hafði samband við Forlagið og fékk sendann lista með bókum á tilboði. Fyrir valinu urðu bækurnar *Litróf dýranna* fyrir yngri deildirnar tvær, hún kostar 690 kr. og kaupa þarf 32 bækur, og *Tröll - Grufl og góð ráð* fyrir börn á Nesi og Ási en hún kostar 990 kr. og kaupa þarf 51 bók.

Sökum sóttvarna pakka meðlimir foreldrafélagsins gjöfunum inn í sitt hvoru lagi og koma til sveinanna.

Febrúar

19. febrúar berst póstur frá Ellý inn á Facebook-síðu foreldrafélagsins þar sem hún fer yfir það sem helst er á baugi í leikskólanum. Hann fylgir hér með:

Sælar, bara rétt svona að heyra í ykkur og upplýsa ykkur þar sem ekkert er fundað En hér gengur allt sinn vanagang fyrir utan það að fáum er hleypt inn í hús og við höfum ekki farið í grunnskólaheimsóknirnar ennþá með elstu nemendurna né á bókasafnið eða dvaló. Við vonumst til þess að þegar ný reglugerð kemur um mánaðarmótin léttist eitthvað á þessum takmörkunum og við getum amk farið með þau elstu í skiptinemaheimsóknirnar og farið að fá eitthvað af tónlistarskólanemendum til okkar með vorinu. En annars er það nýtt núna að það verður bara lokað í 20 daga í sumar en allir starfsmenn eru nú komnir með 30 daga í sumarfrí svo þetta gæti orðið svolítið púsluspil. Samþykktar voru í bæjarráði í gær tillögur frá okkur sem gera ráð fyrir

að lágmarks starfsemi verði í leikskólanum í dymbilvikunni, tvær vikur fyrir sumarlokun og eina viku eftir sumarlokun. Þá þurfa foreldrar að sækja um sérstaklega ef þeir þurfa á þeim tíma að halda, líkt og gert var um jólin. Gjöld verða felld niður þessi tímabili ef þau eru ekki nýtt. Lágmarks starfsemi þýðir að deildir verða sameinaðar eins og kostur er og því nauðsynlegt að vita nákvæmlega hvaða fjöldi nemenda verður í húsi á hverju tímabili og reyna að skipuleggja sumarleyfi starfsmanna út frá því. Nánari upplýsingar verða sendar út fljótlega. Það kemur í dag frá okkur auglýsing varðandi leikskólakennara en okkur vantar frá 1. apríl og svo annan frá 1. júní (og/eða í sumarafleysingar eftir því hvaða nemendafjöldi verður í sumar). Í dag verður vöflukaffi hjá okkur í tilefni af konudeginum en það verður eins og annað þessa dagana bara „innan húss“ Öll börn fædd 2019 sem eiga umsóknir hjá okkur eru nú byrjuð í leikskólanum en því miður höfum við ekki pláss ennþá fyrir börnin fædd 2020.

Mars

24. mars fer fram hefðbundin páskaeggjaleit. Stundin er auglýst frá 15.30-16.30 til þess að dreifa foreldrum betur í þeirri von að ekki myndist örtröð á skólalóðinni. Gjaldkeri sér um að kaupa páskaegg. Leikskólabörnin eru 84 og þar af 4 sem þurfa mjólkurlaus egg.

Apríl

Ákveðið að árleg sveitaferð verði felld niður sökum Covid.

Mái

Stjórnendur leikskólans bóka leiksýningu fyrir leikskólakrakka í boði foreldrafélagsins. Sýningin *Ef ég væri tígrisdýr* frá leikhópnum Flækju mun fara fram 19. maí á leikskólatíma.